



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um ávöxtunarviðmið hagkvæms húsnæðis

Á fundi borgarráðs þann 10. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Hefur borgin hafi sett sér einhver viðmið varðandi hámarks ávöxtun þeirra byggingaraðila sem hljóta brautargengi hjá skipulagsyfirvöldum undir "verkefninu" hagkvæmt húsnæði?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 11. nóvember sl.

Svar:

Nei; Verkefnið um hagkvæmt húsnæði er ekki hluti af þeim fjölmörgu verkefnum borgarinnar þar sem unnið er með óhagnaðardrífnum húsnæðisfélögum. Í verkefninu er viðmið um verð húsnæðis fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur sem fylgir viðmiðum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um hlutdeildarlán.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari